



## Fundargerð

483. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

miðvikudaginn 10. ágúst 2022, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarisdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var Sigríður Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu sem sat fundinn undir öðrum málum á dagskránni lið 1.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 3 síður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár. Oddviti leitaði afbrigða að taka mál 1, undir liðnum önnur mál, fyrst á dagskrá. Var það samþykkt.

Dagskrá:

### **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.**

#### **1. 482. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 23. júní 2022.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### **2. Mennta- og menningarmálanefnd 9. júní 2022.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### **2.1 Ráðning skólastjóra Reykhólaskóla.**

Lagður er fram ráðningasamningur við Önnu Margréti Tómasdóttur skólastjóra Reykhólaskóla.

*Sveitarstjórn samþykkir ráðningasamninginn samhljóða.*

## **2.2 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

*Sveitastjórn samþykkir bókanir nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

### **Mál til afgreiðslu**

#### **1. 2207001 - Samningur um framsal leiguíbúða til Leigufélagsins Bríetar**

Lagður er fram undirritaður samningur um framsal leiguíbúðanna Hólatröð 1 og 3 til Leigufélagsins Bríetar.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn. Samþykkt samhljóða*

#### **2. 2208001 - Persónuverndarstefna Reykhólahrepps.**

Lögð er fram persónuverndarstefna fyrir Reykhólahrepp.

*Sveitarstjórn samþykkir stefnuna samhljóða.*

### **Mál til kynningar**

#### **3. 2208005 – Endurnýjun Reykhólahafnar.**

Staða framkvæmda.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda við Reykhólahöfn.

#### **4. 2205020 - Breyting á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.**

Lögð fram breyting á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps sem hefur verið staðfest af innviðaráðuneyti og birt í B- deild Stjórnartíðinda.

#### **5. 2208002 - Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032.**

Rammasamningur lagður fram til kynningar.

#### **6. 2208003 - Drög að samningi Slökkviliðs Reykhólahrepps og Vegagerðarinnar.**

Vegna hreinsunar vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa eða annarra atvika sem krefjast upphreinsunar.

Drög að samningi lögð fram til kynningar.

Vísað til frekari vinnslu.

**7. 2111012 - Innleiðing hringrásarkerfis.**

Handbók um stjórnun úrgangsmála.

Handbók lögð fram til kynningar.

**8. 2208004 - Fundargerðir 45. og 46. sjórnarfundar Vestfjarðastofu, fundargerð ársfundar fulltrúaráðs, fundargerð framahaldsársfundar Vestfjarðastofu og samþykktir fyrir Vestfjarðastofu ses.**

Fundargerðir og samþykkt lögð fram.

**9. 2202001 - Fundargerðir 910. og 911. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerðir lagðar fram.

**Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin**

**10. 2208006 - Grænir iðngarðar.**

Sigríður Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu lagði fram tillögu að skiptingu fjármagns styrks sem fékkst úr C1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.

*Sveitarstjórn samþykkir skiptinguna eins og hún var lögð fram. Samþykkt samhljóða.*

**11. 2208007 - 67. Fjórdungsþing Vestfirðinga að hausti. Boðun.**

Þingið verður haldið á Patreksfirði 8. – 10. september.

*ÁHH, JÖE, HJ, MDS mæta á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra.*

Fundi slitið kl. 18.50

Fundargerðin undirrituð rafrænt.